

Til kjörfulltrúa leikmanna í Suðurprófastsdæmi

Ég heiti Drífa Hjartardóttir og gef kost á mér sem fulltrúi leikmanna á kirkjuþing fyrir Suðurkjördæmi.

Á þessu kjörtímabili sem er að ljúka hef ég gegnt embætti forseta kirkjuþings og í því embætti hefur reynsla mín af stjórnun komið að góðum notum.

Ég hef gegnt ýmsum störfum, var bóndi með hefðbundinn búskap. Er núna skógræktarbóndi á Keldum þar sem ég bý. Ég hef mikla reynslu í félagsstörfum, ég hef verið í sveitarstjórn, á Alþingi, forseti Kvenfélagasambands Íslands og setið í stjórnnum fyrirtækja, svo eithvað sé nefnt.

Þá hef ég verið formaður sóknarnefndar Keldnasóknar og stjórnarformaður rekstrarstjórnar Skálholtsstaðar.

Þjóðkirkjan stendur á tímamótum og það er afar mikilvægt að halda áfram þeirri þýðingarmiklu vinnu sem kirkjan stendur frammi fyrir.

Með nýjum Þjóðkirkjulögum, sem tóku gildi 1. júlí 2021, fékk kirkjuþing almennt æðsta vald í málefnum Þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing Þjóðkirkjunnar fer með fjárstjórnarvald og lítur eftir starfi yfirstjórnar kirkjunnar.

Grunnur Þjóðkirkjunnar eru söfnuðurnir í landinu og ég vil beita mér fyrir því að þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar veiti sóknum og öðrum starfseiningum kirkjunnar þá þjónustu sem þarf til að tryggja árangursríkt starf kirkjunnar.

Keldum 1. maí 2022